HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

22. janúar 2020

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

**Umsögn um endurskoðun ferðaþjónustukafla Aðalskipulags Hornafjarðar**

Vísað er í bréf frá skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 16. desember sl. hvar óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar Austurlands um endurskoðun ferðaþjónustukafla aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

Til grundvallar var greinargerð frá verkfræðistofunni Eflu dagsett 30.10.2019, þar kemur m.a. fram að ferðaþjónusta hafi aukist mikið að undanförnu hún sé nú ein af undirstöðu atvinnugreinum í sveitarfélaginu.

HAUST fékk skipulags og matslýsingu vegna verkefnisins til umsagnar árið 2017 og gerði lítilsháttar ábendingar við hana sem tekið hefur verið tillit til í greinargerðinni sem hér er til umsagnar.

***Heilbrigðisnefnd Austurlands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins.***

Virðingarfyllst,

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi
AUSTURLANDSSVÆÐIS